

## Skjólstæðingur/heilbrigðisstarfsmaður: Lyfjataka í veikindum

### Lyf í veikindum

Þegar fólk veikist og hefur ekki getu til að drekka nægjanlega vökva, til dæmis vegna þess að það hefur haft hita í lengri tíma eða er með niðurgang eða uppköst, þá þarf tímabundið að hætta að taka inn lyf í ákveðnum lyfjaflokkum.

### Lyfjaflokkar

#### *Blóðsykurslækkandi lyf*

- Sulfonylurea-lyf (glimeryl, gliklazíð)
- SGLT2-hemlar (empagliflozin, dapagliflozin, ertugliflozin)
- Metformin

#### *Lyf sem verka á hjarta og æðakerfi*

- ACE-hemlar lyfjaheiti sem enda á „pril“ (enalapril, perindopril, ramipril)
- Angiotensín II viðtaka hemlar (losartan, valsartan, candesartan)
- Þvagræsilyf (furosemide, thíasíð, torasemide, metolazon, indapamide)

#### *Bólguþýðandi verkjalyf*

- NSAID (ibuprofen, diklofenak, naproxen)

Ástæðan fyrir þessu er að ef fólk fær ekki nægan vökva geta líkur á aukaverkunum vegna lyfjanna aukist.

Hefja skal töku lyfjanna aftur þegar viðkomandi líður betur (24-48 klst. eftir að hann hefur byrjað að borða og drekka eins og vanalega).

**Ath. Gildir ekki ef um er að ræða stök tilfelli af niðurgangi, uppköstum eða hitatoppi.**